

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS 1944

ÍSLÉNSKIR
AFBRAGÐSMENN

Eftir dr. Helga Pjeturs

I.

BJARNI PÁLSSON (1719—79) er einn þeirra manna, sem sjálfsgagt er að nefna þegar greiða skal fyrir skilningi á því, að Íslendingar eru þjóð sem mikils má af vænta. Bjarni landlæknir var, einsog Jónas Hallgrímsson komst að orði um dótturson hans, þýðmenni og þó prekmenni, og áhugi han á vísindum var svo framúrskarandi, og hæfileikar til þeirra starfa, að það er ekki ólíklegt, að hann hefði — og eins Sveinn Pálsson síðar — hjá stærri þjóð, orðið í hópi þeirra miklu náttúrufræðinga 18. aldarinnar, sem með starfi sínu að aukning þekkingar, áttu upptökum að svo miklu af þeim menningarframförum sem síðan hafa orðið. Voru þeir um áhuga á vísindum og hetjulegar framkvæmdir þar að lítandi, mjög líkir, Bjarni og Sveinn tengdasonur hans, en munurinn sá, að læknisstarf og læknisfræði voru í fyrirrúmi hjá Bjarna, en Sveini mun helst hafa leikið hugur á náttúrurannsóknum, og þá fyrst og fremst á náttúru Íslands, þó að hann stundadi einnig læknigar af mikilli skyldurekni og dugnaði, og hans frábæra vit hafi óefnæd einnig látið til sín taka við læknisstarfið. En þáðir lifðu við örðugar ástæður — og þó Sveinn ennþá fremur — eðr háðum hafir verið vanþakkað og þeirra ekki minnst sem skyldi. Man jeg ekki eftir, að nokkur merki þess sæust hjér 1919, að munað væri eftir, að þá var 200 ára afmæli Bjarna Pálssonar.

II.

Úr þessu röktarleysi er nú verið að hæta með því að gefa út svissögu Bjarna eftir Svein Pálsson, en hún kom fyrst út árið 1800, að tilhlutun Vigfúsar Þórarinssonar sýslumanns á Hlíðarendi, sem einnig var tengdasonur Bjarna landlæknis. Útgáfu þessa hefir sjeð um Sigurður L. Pálsson, mentaskóla kennari á Akureyri, en Sigurður skólameistari hefir lagt til mjög langan og skemtilegan formála. Það er býsna eftirtektarvert, að hjá jafnsmárrí þjóð, og í himni svo mjög fámennu læknastjett, skuli uppi vera, og að nokkrum leyti samtíða, þrír slikir afþurðamenn og þeir voru, Bjarni landlæknir Sveinn Pálsson og Jón Pjetursson (1731—1801); en hann kemur hjer einnig nokkuð við sögu, hví að Sveinn gaf út lækningabók Jóns með svo miklum athugasemdum, að bókin má teljast vera eftir þá báða. Virðist mjer sem af bókinni megi ráða, að Jón hafi verið vitmaður ekki síður en Sveini, og íslensku ritar hann furðuvél, eftir því sem 18. aldamenn gerðu, og er hann þar Sveini mun fremri. Kom mjer það heldur á óvart.

III.

Allir voru þessir ágætismenn forspáir, og af fjarskynjan Bjarna landlæknis segir Sveinn þessa furðulegu sögu, þar sem einnig kemur vel fram áhugi þessa merkilega laeknis á að veita hjálp: Eitt sinn er Bjarni var á ferð, langt að heiman, „fóck hann upp úr þurru (það) innfall, að riða heim að bæ, sem þó var af leið þeirra, en er þeir komu þangað gekk Bjarni strax í bæinn, sátu þar konur nokkrar og sungu líksálma enn í fleti lá kona í barnsneyð, að þeirra hyggju ör-end; Bjarni það þær hætta saung og víkja buri, fór höndum um konuna og náði fóstri hennar, að háðum lifandi“.

Það er óhætt að eggja menn á að lesa bók þessa, og jeg vil jafnvel kalla skort á þjóðraðkni að gera það ekki. Er bókin fróðleg, bæði ævisaga Bjarna, og hin langa ritgerð Sigurðar skólameistara, sem mest er um Svein. Sigurður hefir í þessum inngangi, s. 48, minnst á mig (sem einn af niðjum Bjarna Pálssonar) vingjarnlega en dálítíð villandi. Leyfi jeg mjer að gera þar dálítla athugasemd við, í hví skyni að gera mönnum auðveldara að meta rjett verk mitt; en það stendur ekki alveg á sama hvort það er gert eða ekki. Það sem jeg hefi til míns ágætis — og það er forntr mál, að hver hafði til síns ágætis nokkuð — er ekki sýndunarafl, heldur nokkur hæfileiki til að bera saman og sjá hvað er líkt og hvað ólíkt, hvað skylt og hvað óskylt, og draga þaðan ályktanir. Það er þess vegna sem mjer tókst í jarðfræði Íslands, að þekkja jarðmyndun, sem er mjög áríðandi fyrir sögu landsins, en jarðfræðingar höfðu ekki þekt áður, af hví að þeir höfðu ekki gætt nögu vel að nísmun og líkingu. Einnig má geta þess, að jeg hefi fundi eðli draumlífsins, af hví að jeg hefi horið saman draumvitund og vökuvitund nokkru vandlegar en áður hefði verið gert. Og enn

má nefna athuganir mínar á höfundarmarki á Íslendingasögum. Það er óhætt að segja, að nógu vandaður samanburður á málinu á hinum ýmsu sögum, leiðir margt fröðlegt í ljós og þýdingarmikið, m. a. til skilnings á ritmáli og rit-snild. — Önnur er sú athugasemid er mjer virðist ástæða til að gera, í sambandi við andlegan ættararf. Minnir það sem Sigurður skóla-meistari segir um það efni, mig á það er gáfukona af þeirri ætt sem um rædir, hjelt því fram við mig fyrir mörgum árum, að þá hæsi-leika sem gerðu Bjarna Thoraren-sen frægan, væri ekki að rekja til föðurættarinnar -- Bjarni var son-aronur Þórarins á Grund -- held-ur í hina ættina; en Steinunn móðir skáldsins var dóttir Bjarna land-læknis og dótturdóttir Skúla fó- geta. En jeg hygg að þetta sje tap-ast rjett. Þórarinn aði Bjarna var í heinan karllegg kominn af sjera Sveini lærða á Bardí í Fljótum (f. 1603) en af honum var einnig kom- inn Sveinn Pálsson, og Sveinn Sölvason lögmaður. Voru þeir systkinasynir Þórarinn á Grund og Sveinn Sölvason. Bjarni Thoraren- sen var mjög framúrskarandi náms-

maður og hafti lokið embættis-prófi í lögum tvítugur. En Sveinn frændi hans lauk embættisprófi í logma aðeins 19 ára gamall og var orðinn embættismaður áður hanu yrði tvítugur. Annar frændi Bjarna, jafnskyldur og Sveinn Sölvason, dóttursonur sjera Sveins lærða, var sjera Eyjólfur Jónsson, orðlagður námsmaður, og kallaður hinn lærði, einsog aði hans. Sjá Íslend-inga sögu, 6. bindi, eftir dr. Pál Eggert Olason og dr. Þorkel Jó-hannesson.

17. maí

Helgi Pjeturss.